

245. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, þriðjudaginn 6. maí 2025 og hófst hann kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna.

Fyrir tekið:

1. 2504158 - Hagir og líðan eldra fólks - skýrsla

Niðurstöður skýrslu um Hagi og líðan eldra fólks árið 2024 lagðar fram til kynningar.

Gefa niðurstöðurnar mikilvægar upplýsingar um stöðu eldra fólks á Íslandi sem gefa vísbendingar um hvað þarf að leggja áherslu á í stuðningi og þjónustu við eldra fólk.

Lagt fram til kynningar.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur áherslu á að niðurstöður skýrslunnar auk niðurstaðna könnunar tengiráðgjafa um hagi eldra fólks á Akranesi verði hafðar til hliðsjónar við mótun stuðningsþjónustu við eldra fólk.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar niðurstöðunum til kynningar í Öldungaráði.

2. 2401211 - Akstursþjónusta Akraneskaupstaðar 2024

Drög að útboðsgögnum lögð fram til kynningar og umræðu.

Drög að útboðsgögnum kynnt.

Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra að vinna málið í samræmi við umræður á fundinum.

3. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar

Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir, kynnir verkefnaskrá bæjarfélagsins og verkefni á velferðar- og mannréttindasviði sem samþykkt hafa verið í fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar.

Guðrún Þórbjörg kynnir nýtt verklag og hlutverk ráðsins gagnvart verkefnaskránni.

Velferðar- og mannréttindaráðs þakkar kynninguna og fagnar nýju og góðu verklagi. Ráðið óskar eftir umfjöllun um verkefnaskránnar ársfjórðungslega.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.